

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, 13. mars 2024:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Tillaga:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skipulagsyfirvöld, umhverfis- og skipulagssvið setji viðgerðir og framkvæmdir á leikskólum í forgang.

Greinargerð:

Ekki þarf að fara mörgum orðum í að lýsa því neyðarástandi sem ríki í borginni vegna skorts á leikskólaláttum. Ástæður fyrir þessum mikla skortir eru auk þess að mistekist hefur að fullklára verkefnið Brúum bilið. Mannekla er annar stór vandi sem er orðinn rótgróinn í Reykjavík og sem meirihlutinn hefur ekki tekist að vinna bug á. Það sjá flestir sem vilja að umhverfis- og skipulagssvið getur gert betur, gengið röskar í þetta stóra verkefni enda neyðin mikil. Annað minna áriðandi getur beðið betri tíma. Í desember 2023 kom í samantekt sem birt var í fjölmiðlum að frá árinu 2018 hefur greinst mygla í yfir 30 skólahúsum sem tilheyra borgarreknum leik- og grunnskólum. Í fyrra voru yfir 1.200 grunn- og leikskólabörn í húsnæði utan skólalóðar heimaskóla vegna mygluvandamála, 860 grunnskólabörn og 350 leikskólabörn. Síðan þá hafa líklega bæst við tugi barna. Mygla í leikskólum borgarinnar hefur gert vonda stöðu enn verri. Skortur á leikskólaláttum er í sögulegu hámarki. Mörg hundruð börn bíða eftir plássi. Viðhald og viðgerðir ganga allt of hægt og bera skipulagsyfirvöld ábyrgð á því. Leggja má til hliðar um stund önnur verkefni s.s. Grófarhús, Hlemm og önnur sambærileg verkefni/byggingar sem meira eru til skrauts eða til að hýsa afþreyingu